

Umsögn um umskurðarfrumvarpið

Í tilefni þess að Alþingi hefur nú tekið til umfjöllunar frumvarp til laga þar sem umskurður drengja yrði bannaður og gerður að saknæmu athæfi viljum við í Stofnun múslima á Íslandi koma eftirfarandi á framfæri.

Við styðjum af heilum hug yfirvegaða og ígrundaða umræðu um þann sið að umskera drengi en þar er um viðtekinn sið að ræða víða um heim sem snýr í senn að trúarlegri sannfæringu og heilbrigði. Alþingi verður að taka mið af slíkum sjónarmiðum í umfjöllun sinni um frumvarpið og gæta þar að vægi trúfrelsis, rétti barna til fullrar aðildar að samfélagi síns fólks á grundvelli sjálfsmyndar þess og sjónarmiðum þeirra fjölmörgu lækna og heilbrigðissamtaka m.a. á vettvangi Sameinuðu þjóðanna sem ýmist sjá ekkert athugasvert við umskurð eða telja hann mikilvægan fyrir heilbrigði og velferð viðkomandi drengja. Ennfremur andmælum við því að umskurður drengja sé brot á barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eða í andstöðu við læknaeiðinn.

Trúarlegt vægi umskurðar

Ísland er ríki sem vill standa vörð um mannréttindi og byggir siðferðilegar rætur sínar á kristinni trúarhefð eins og hún er varðveitt hjá lúthersku þjóðkirkjunni. Bakgrunnur kristinnar trúar og Nýja testamentisins er Gamla testamentið en þann grunn eiga kristindómur og íslam sameiginlegan með gyðingdómi. Í Gamla testamentinu er að finna trúarlegar ástæður þess að gyðingar telja umskurð ófrávíkjanlegt skilyrði (1 Mós 17) og við múslimar teljum sömuleiðis að fylgja beri fordæmi spámanna sem allir hafi verið umskornir. Umskurður drengja á sér því margra alda rótgróna hefð í trúarbrögðum íslams og gyðingsdóms og skipar þar stóran sess.

Mikilvægi trúfrelsis

Í VI. kafla stjórnarskrár lýðveldis Íslands er skýrt kveðið á um trúfrelsi:

■ **63.gr.**

- Allir eiga rétt á að stofna trúfélög og iðka trú sína í samræmi við sannfæringu hvers og eins. Þó má ekki kenna eða fremja neitt sem er gagnstætt góðu siðferði eða allsherjarreglu.

Þessi grein stjórnarskrárinnar er í samræmi við VII. kafla hennar sem er mannréttindakaflinn. Mikilvægur hluti trúariðkunar múslima og gyðinga er að láta umskera syni sína og hefur sá siður hvergi verið talinn brjóta gegn góðu siðferði eða allsherjarreglu fram til þessa, hvorki hér á landi né annars staðar í heiminum. Að þrengja svo mjög hið góða siðferði að umskurður drengja yrði gerður glæpsamlegur stríðir gegn öðrum ákvæðum stjórnarskrárinnar um mannréttindi eins og trúfrelsi og er slíkt alls ekki í þágu allsherjarreglu samfélagsins.

Umskurður er hluti af sáttmála manns við Guð og hefur fylgt trúarbrögðum okkar frá upphafi. Fylgjendur íslams líta svo á að það sé heilög skylda okkar við Guð að veita sonum okkar umskurð. Við teljum að það sé óásættanlegt inngríp að banna umskurð drengja með lögum enda séu forsendur trúfrelsis í landinu brostnar með slíku banni. Í samfélagi okkar íslamstrúarmanna hér á Íslandi sem og annars staðar hefur þetta verið hluti af menningu okkar frá því að elstu menn muna. Við erum umskornir, feður okkar eru umskornir, afar okkar voru umskornir og þannig eins langt aftur og skráðar heimildir ná.

Við teljum að þetta frumvarp einkennist af djúpstæðri vanþekkingu á trúarbrögðum bæði gyðinga og múslima. Við teljum enn fremur að þeir sem leggja þetta frumvarp fram geri sér ekki grein fyrir afleiðingum þess að banna umskurð drengja og þeirri djúpstæðu skömm sem því fylgir fyrir karlmenn úr röðum múslima að vera ekki umskornir allt frá æsku. Þetta er nokkuð sem við getum ekki samþykkt enda myndi það meina okkur um að fá að lifa frjálsum lífi og öðlast þá lífshamingju sem varið er í stjórnarskránni. Samfélag múslima er minnihlutahópur á Íslandi og við upplifum þetta þannig að verið sé að níðast á tilveru okkar. Slíkt bann myndi setja okkur í þung spor í tengslum við ættingja okkar í öðrum löndum og múslima almennt. Vissulega erum við í minnihluta hér á landi en í heiminum öllum aðhyllist 1,8 milljarður íslamstrú og gyðingar eru 14,3 milljónir að auki. Með því að banna umskurð myndi Ísland setja verulegar skorður á trúfrelsi þessa fólks og stíga langt skref í því að úthýsa því.

Mörg okkar erum í dag íslenskir ríkisborgarar og langflest teljum við Ísland vera heimili okkar. Það myndi særa okkur öll djúpt ef að slík lög yrðu samþykkt sem myndu í raun úthýsa okkur sem múslimum frá þessu kæra heimalandi okkar enda væri búið að gera trúarskyldu okkar glæpsamlega. Við yrðum þvinguð til að gera upp á milli heimalands okkar og sambands okkar við Guð. Það er til of mikils ætlast og að öllu leyti andstætt mannréttindum og stjórnarskránni að þvinga fólk til að gera upp á milli heimalands síns og trúar sinnar.

Við biðjum því löggjafarvaldið fyrir alla muni að taka tillit til þessara sjónarmiða í vinnu sinni.

Mikilvægi umskurðar fyrir heilbrigði

Þó svo að trúarlegt vægi umskurðar sé ótvírætt bæði innan íslams og gyðingdóms eru heilbrigðisforsendur hans sömuleiðis verulegar. Vægi umskurðar einskorðast því engan veginn við trúarbrögð. Í Bandaríkjunum er stór hluti karlmanna umskorinn óháð trúarbrögðum og sömuleiðis í Afríku. Í mörgum löndum er þetta gert vegna þess að lækna og heilbrigðisyfirvöld telja að umskurður drengja dragi úr líkum á ýmsum sýkingum og sjúkdómum, svo sem kynsjúkdómum, og er það stutt af m.a. Alþjóðaheilbrigðismálastofnun Sameinuðu þjóðanna (WHO) og Alþjóðabankanum.

Við hjá Stofnun múslima á Íslandi gerum ríkar kröfur til framkvæmdar við umskurð drengja og teljum að umskurður ætti eingöngu að eiga sér stað hjá faglega menntuðu starfsfólki heilsugæslustofnana og þá helst læknum. Innan íslams er engin krafa um að umskurður sé framkvæmdur sem hluti af trúarathöfn og hér á Íslandi höfum við fram til þessa verið í góðri samvinnu við heilsugæsluna um framkvæmd hennar.

Við myndum hiklaust styðja lagasetningu þar sem eðlileg framkvæmd umskurðar yrði skilgreind og aðkoma heilbrigðisstarfsfólks á borð við lækna yrði sett sem skilyrði en við erum algerlega mótfallin því að þessi trúarlegi og heilsufarslegi siður sé gerður að refsiverðu athæfi.

Þá bendum við á að umskurður drengja er ekki í andstöðu við læknaeiðinn, hvorki hér á landi né annars staðar svo við vitum til. Það telst grundvallaratriði að hindra sjúkdóma enda er forvörn betri en lækning. Genfaryfirlýsing Alþjóðafélags lækna bindur lækna með orðunum: „Ég mun hafa heilsu sjúklinga minna að leiðarljósi framfar öllu öðru.“ Og í Alþjóðasiðareglum lækna er því lýst yfir að lækna skuli aðeins gera það sem er sjúklingnum fyrir bestu, þegar þeir veiti lækniþjónustu. Loks er ekkert í Helsinki yfirlýsingunni sem er gagnstætt umskurði en hún snýr að lækniþjónustu og rannsóknum.

Við sem tilheyrum samfélagi múslima á Íslandi teljum að þar til börn hafi náð sjálfræðisaldri sé það á ábyrgð foreldra þeirra að taka ákvarðanir fyrir þau. Á hverjum degi sinna foreldrar uppeldi og trúariðkun barna sinna, láta þau borða og sofa, senda þau í skóla og á margvíslegar æfingar og leitast við með öllum tiltækum ráðum að tryggja öryggi þeirra, heilbrigði og velferð. Þetta er hluti að eðlilegum samskiptum á milli barns og foreldris.

Í frumvarpinu sem beint er gegn umskurði drengja er því haldið fram að hann sé brot á barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem þegar hafi verið lögfestur hér á landi. Þessari rangfærslu um barnasáttmálann andmælum við og bendum á að ekkert í honum sé andstætt umskurði drengja heldur þvert á móti standi sáttmálinn vörð um hann á grundvelli velferðar viðkomandi barna. Barnasáttmálinn hefði aldrei verið samþykktur á vettvangi Sameinuðu þjóðanna ef honum hefði verið beint gegn umskurði drengja með einhverjum hætti og þar með gyðingdómi og íslam. Það er enn fremur ljóst af stuðningi Sameinuðu þjóðanna við umskurð drengja í gegnum t.d. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina WHO að þær telja hann alls ekki brot á barnasáttmálanum.

Að lokum

Við biðjum Alþingi að taka tillit til alls þessa og ekki gera trúarlegar og samfélagslegar skuldbindinar okkar glæpsamlegar í þessu landi.

Stofnun múslima á Íslandi lýsir sig reiðubúið að taka þátt í frekari umræðu um þessi mál og bjóða fram alla þá aðstoð sem við getum veitt.

Virðingarfyllt,

Fyrir hönd Stofnunar múslima á Íslandi
Mr. Karim Askari
Frankvæmdastjóri Stofnunar múslima á Íslandi